

L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 16. og 17. töluliða 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 38/1972) komi þrír töluliðir, er hljóði svo, og breytast töluliðar greinarinnar samkv. því:

16. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðahreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps og mörkum milli Reyðarfjarðahrepps og Fáskrúðsfjarðahrepps.
17. Austurlandsumdæmi syðra: Suður-Múlasýsla frá mörkum Reyðarfjarðahrepps og Fáskrúðsfjarðahrepps við ströndina og Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps inn á landinu annars vegar og mörkum milli Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu hins vegar.
18. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2 000 milljónir króna til sölu innanlands á næstu fjórum árum.

2. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru á handhafa og falla í gjalddaga eigi síðar en að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Af skuldabréfunum eru ýmist greiddir vextir eða vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 5. gr.

4. gr.

Skuldabréfin eru verðtryggð og undanþegin framtalsskyldu, vextir og vinningar eru skattfrjálsir.

5. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands reglugerð um framkvæmd útboðsins, vaxta- og vinningskjör, flokkun bréfanna og útdráttardaga. Skal við ákvörðun kjaranna hafa hliðsjón af almennum vaxtakjörum á hverjum tíma.

6. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf skv. lögum þessum.

7. gr.

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið að $\frac{2}{3}$ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að $\frac{1}{3}$ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen

L Ö G

um Leiklistarskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal á vegum ríkisins leiklistarskóla, og er heiti hans Leiklistarskóli Íslands.

Hlutverk skólans er að þroska leiklistarhæfileika nemenda og þjálf þá til leiklistarstarfa.

Skólinn starfar í Reykjavík, en heimilt er að reka undirbúningsdeildir í tengslum við skólann annars staðar á landinu.

Heimilt er að starfrækja nemendaleikhús á vegum skólans.

Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.